

## Tónheyrn M1

Tónheyrn M1 er ætluð nemendum sem hafa lokið grunnprófi í tónfræðigreinum. Hún felur í sér fyrri hluta miðnáms í tónheyrn og er kennd í sérstökum tónheyrnartímum. Æskilegt er að nemendur taki tónheyrn M1 samhliða tónfræði M1 og hlustun og greiningu M1 og eru öll þrjú fögin skylda til miðprófs.

### Námsefni:

*Tónheyrnarverkefni 4* eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur

*Vinnubók í tónheyrn* eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur eða bók/mappa með auðum nótnablöðum

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í tónheyrn M1

## Tónheyrn

### *Hrynur*

Nemandi

- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinna takttegunda: 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- hafi náð tökum á taktslætti í 2/4, 3/4 og 4/4.
- skilji, geti beitt, flutt, greint á blaði og eftir heyrn eftirfarandi lengdargildi og hrynmynstur, auk annarra af sambærilegu erfiðleikastigi:



- þekki, skilji, geti flutt, greint eftir heyrn og skráð synkópur.
- hafi þjálfast í að botna hrynhendingar í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- geti endurtekið eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.
- geti skráð eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8.

### **Laglína og tóntegundir**

Nemandi

- hafi þjálfast í söng tónstiga, tónbila og hljóma.
- geti endurtekið eftirtalda tónstiga eftir heyrn: dúr, hljómhæfur moll, laghæfur moll, pentatónískur tónstigi.
- geti greint eftir heyrn eftirtaldar gerðir tónstiga: dúr, hljómhæfur moll, laghæfur moll, pentatónískur tónstigi og krómatískur tónstigi.
- geti endurtekið eftir heyrn stuttar laglínur í dúr og moll með stökkum innan tóntegundar.
- hafi þjálfast í að botna laglínuhendingar.
- geti skráð eftir heyrn stutta laglínu í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 í eftirtöldum tóntegundum: C-dúr, F-dúr, G-dúr, D-dúr, a-moll, d-moll, e-moll og h-moll.
- geti sungið eða blístrað við fyrstu sýn eða með litlum undirbúningi einfaldar laglínur í C-, F- og G-dúr og a-, d- og e-moll.
- geti lesið nótur af blaði á nótnaheitum í C-dúr í G-lykli og F-lykli.

### **Tónbil**

Nemandi

- geti sungið öll hrein, stór og lítil tónbil innan áttundar upp frá gefnum tóni.
- geti greint eftir heyrn öll hrein, stór og lítil tónbil innan áttundar sem leikin eru brotin upp á við.

### **Hljómar**

Nemandi

- geti endurtekið og greint eftirfarandi þríhljóma: dúrhljómur, mollhljómur, minnkaður hljómur og stækkaður hljómur.